

Ár 2006, fimmtudaginn 22. júní, kl. 15:00 kom Áfrýjunardómstóll ÍSÍ saman á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal í Reykjavík. Mættir voru Jón G. Zoëga, Helgi I Jónsson og Björgvin Þorsteinsson.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2006
Knattspyrnudeild Fram
gegn
Knattspyrnudeild Fylkis.

Lagt er fram:

Nr. 1	Áfrýjun
Nr. 2	Dómur Áfrýjunardómstóls KSÍ
Nr. 3	Afrit rafpósta
Nr. 4 – 5	Boðunarbréf móttakin

Kl. 15:30 mæta fyrir dóminn Þórir Örn Árnason hdl. f.h. Knattspyrnudeildar Fylkis, Sveinn Andri Sveinsson hrl. og Guðbjartur Ellert Jónsson f.h. Knattspyrnudeildar Fram.

Lögmenn aðila reifuðu málið.

Málið er dómtekið og kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Áfrýjandi telur að mál þetta heyri undir Áfrýjunardómstól ÍSÍ þar sem niðurstaða þess hafi áhrif fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Því er mótmælt af hálfu varnaraðila.

Niðurstaða dómsins er sú að hverju sérsambandi sé heimilt að ákveða hvenær lög og reglugerðir þeirra taki gildi og því hafi niðurstaða þessa máls ekki gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni. Þá er engum haldbærum rökum studd sú fullyrðing áfrýjanda að einn dómara í Áfrýjunardómstól KSÍ hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

D Ó M S O R Ð :
Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ

Jón Gunnar Zoëga (sign)
Björgvin Þorsteinsson (sign)
Helgi I. Jónsson (sign)